

Sþ.

157. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og venja er, gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim til-
lögum, er nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum
hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og
hverja einstaka þeirra. Þær eru hins vegar með þeim hætti, að við munum yfirleitt
leggja þeim lið. Við hefðum hins vegar óskað þess, að lengra hefði verið gengið
í stuðningi við verklegar framkvæmdir. Þess skal þó getið, að fjárveitinganefnd
hefur unnið gott verk með því að hækka framlög til þeirra langt umfram það,
sem ríkisstjórnin ætlaðist til, þótt það hrökkvi skammt.

Í nefndaráliti okkar við fjárlagafrv. fyrir árið 1969 lögðum við áherzlu á úr-
bætur í atvinnumálum og fluttum brtt. við fjárlagafrv. um 350 millj. kr. fjárútvægum
til þeirra. Ekki fékk sú tillaga fylgi stjórnarliða, heldur gengu þeir dyggilega fram
í að fella hana. Sönnun fyrir réttmæti hennar lét þó ekki á sér standa, þar sem
mánuði síðar var ríkisstjórnin knúin til að útvega álika fjárhæð, er lánuð var til
atvinnumála. Þrátt fyrir þá aðgerð hefur ekki tekizt að útrýma atvinnuleysi úr
landinu, og nú fer það aftur vaxandi.

Fjárlagafrv. er einn þáttur úr efnahagsstefnu, er ríkisstjórn sú fylgir, er fyrir
fjárlagagerð stendur. Þetta fjárlagafrv. er sönn spegilmynd af efnahagsstefnu ríkis-
stjórnarinnar.

Ef ríkisstjórnin fylgdi skipulagsstefnu í efnahagsmálum, hefði hún átt að
leggja allt kapp á það við gerð þessa fjárlagafrv. að leggja fram fé til verklegra
framkvæmda og láta ríkið hafa forustu á sviði atvinnulífsins, ekki sít i þeim
verkefnum, sem virðist ofvaxið einstaklingum eða félagasamtökum að leysa. Skal
nánari grein gerð fyrir þessari skoðun okkar.

Á yfirstandandi ári hafa farið fram miklar umræður um marga málaflokka,
er framkvæmdir eru á vegum ríkissjóðs eða með verulegu framlagi þess, og hafa
þeir legið undir almennri gagnrýni. Hefur skólamálin horið þar einna hæst.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið með þeim hætti, að hún hefur reynt
að verja sig með því, að fjárframlög á vegum ríkissjóðs nú séu meiri en áður
hafa verið. Slíkur samanburður getur oft verið mjög óraunhæfur, m. a. vegna
þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðgildi krónunnar. Hitt skiptir þó mestu þar
um, hver ásóknin er í verkefnið og þörfin fyrir að leysa það mikil á hverjum tíma.

Það er skoðun okkar, að þrátt fyrir það mikla starf, sem unnið var í fjár-
veitinganefnd til úrlausnar í þessum efnun, m. a. með því að knýja á ríkisstjórnina
um aukið fé í sambandi við skólabyggingar, hefur þó Alþingi sjaldan eða aldrei
verið fjær því að fullnægja þörfinni en nú, þar sem framkvæmdafé var aðeins
veitt að einum þriðja til þess, er um var sótt. Framkvæmdir við byggingu kennara-
skóla fá mjög lágar fjárveitingar miðað við þörfina, og háskólaframkvæmdir eru
eingöngu fjármagnaðar af hálfu ríkissjóðs með lánsfé, þrátt fyrir viðvörun háskóla-
nefndar þar um. Bygging skóla er hvort tveggja í senn knýjandi nauðsynjamál og
mjög gott mál til að auka atvinnu og þar með draga úr eða koma í veg fyrir
atvinnuleysi.

Heilbrigðismálin eru annað stórmálið, sem er mjög á dagskrá hjá fólkinu í
landinu.

Fjárútvægum til framkvæmda við Fæðingardeild Landspítalans var knúin fram
fyrir dugnað kvennasamtakanna á s. l. vetri, og með fjársöfnun þeirra í sumar,
svo að framkvæmdir geta hafizt af fullum krafti á næsta ári, og ber að fagna því.
Hins vegar er ástandið í læknaskipunarmálum með öllu óviðunandi, þar sem lækna
vantar í mörg læknishéruð og jafnvel í heila landshluta. Það verður að gera stórt

átak með auknum fjárveitingum til að koma nýskipun á þessi mál, m. a. með því að koma upp læknameiðstöðvum.

Dreifingu á raforku til þeirra býla, sem ekki njóta rafmagns frá dreifiveitu og þar sem vegalengd milli bæja er innan við tvo km, verður að koma í framkvæmd á næstu tveim árum.

Ýmsar fleiri ríkisframkvæmdir mætti nefna, sem hefði sannarlega verið ástæða til að fjármagna á einn eða annan hátt til að leysa vandamál og auka atvinnu, svo sem aukna vegagerð, jarðboranir, opinberar byggingar, svo sem stjórnarráðshús, Alþingishús og geðdeild Landspítalans o. fl., en að því skal þó ekki vikið frekar að sinni.

Ótalið er þó það, sem mestu máli skiptir, en það er forusta ríkisins um atvinnuuppbyggingu. Við munum við þessar umræður gera tillögu um fjárútleitu til atvinnumála. Eitt af höfuðverkefnum ríkisins að okkar áliti er að hafa forustu um uppbyggingu togaraflotans. Það er augljóst, enda hefur það komið fram á opinberum vettvangi, að þeir, sem við togaraútgerð fást nú, treysta sér ekki til að endurnýja flotann. Við leggjum því til, að ríkissjóður útvegi 120 millj. kr. á næsta ári, er varið verði til að smíða togara, og fyrst og fremst verði stefnt að því, að smíði þeirra geti farið fram hér á landi.

Þá leggjum við til, að 20 millj. kr. af því fé, sem við gerum tillögu um, verði varið til atvinnu fyrir skólafólk. Yrði framkvæmd á meðferð þess fjár með sama hætti og var um lán atvinnumálanefndar ríkisins til þessa máls á yfirstandandi ári og það lánað til sveitarfélaga gegn jafnháu framlagi frá þeim til atvinnu fyrir skólafólk.

Að öðru leyti skal fé þetta ganga til atvinnuuppbyggingar án tiltekinna atvinnugreina og verði því ráðstafað á vegum fjárveitinganefndar eftir umsögn atvinnumálanefnda og sveitarstjórna viðkomandi staða. Fénu verði fyrst og fremst beint til nýrra atvinnufyrirtækja og aukinnar starfrækslu eldri fyrirtækja. Sérstökum sjóði, t. d. Atvinnuþróunarsjóði, yrði að öðru leyti falin framkvæmd málsins.

Okkur er það ljóst, að rökin gegn þessari tillögu okkar verða þau, að fé sé ekki til, svo sem venja er um tillögur okkar. Þar er því til að svara, að það eru að okkar dómi eðlileg vinnubrögð, að Alþingi ákveði, hver þáttur ríkisins skuli vera til stuðnings við atvinnumálin, en ekki farið að þannig, að samið sé um það í þinghléi af ríkisstjórninni, eins og gert var á þessu ári.

Enn fremur er það skoðun okkar, að ríkið eigi að fylgja þeirri stefnu að auka fjárveitingar til verklegra framkvæmda, þegar atvinnu skortir, og það eigi með ríkisafskiptum að hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu í landinu og atvinnulífið til stuðnings við atvinnurekstur einstaklinga og félaga.

Okkur er það mjög vel ljóst, að ríkissjóður skortir fé til stuðnings við atvinnuvegina og til verklegra framkvæmda, og við teljum, að svo muni verða, meðan þeirri stefnu er fylgt í efnahagsmálum, sem núverandi valdhafar fylgja. Það sannar tíu ára reynsla af stjórnarstefnunni.

Afleiðingar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru m. a. þessar:

Fjárlög hafa meira en áttfaldast á tíu árum.

Tekjur hafa farið um þrjú þúsund milljónir króna fram úr áætluðum tekjum fjárlaga.

Verklegar framkvæmdir eru með hverju árinu sem líður meira og meira fjármagnaðar með lánsfé, svo að skuldir vegna þeirra nema a. m. k. eitt þúsund milljónum króna, enda fer hlutfall verklegra framkvæmda í heildarútgjöldum fjárlaga minnkandi ár frá ári. Ríkisstjórnin ætlar engum nýjum verkefnum rúm í útgjöldum fjárlaga, þó að þau hækki um einn milljarð á milli ára.

Þrátt fyrir það, sem að framan er getið, er ríkissjóður rekinn með halla ár eftir ár, þó að tekjur hans fari hundruð milljóna króna fram úr áætlun fjárlaga, eins og gerzt hefur tvö síðastliðin ár. Þar við bætist, að framkvæmd á fyrirheitinu um sparnað og hagkvæmni í ríkisrekstrinum er ekki finnanleg, þó að leitað sé í fjárlagafrv. eða ríkisreikningi.

Þær staðreyndir, sem hér er skýrt frá, sanna, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur sett fjárhag ríkissjóðs í sjálfheldu. Til þess að ríkissjóður geti leyst úr þeirri fjárþörf, er nú þarf að mæta, til verklegra framkvæmda, til atvinnuvega, til aukinna rannsókna á sviði atvinnumála og efnahagslífsins, til að hagnýta auðæfi landsins, eins og t. d. jarðhita og fallvötn, til markaðsöflunar og ýmislegra umbóta, skortir ríkissjóð ekki hundruð milljóna króna, heldur milljarða.

Lítið af þeim verkefnum, sem við höfum hér nefnt, verður leyst á vegum ríkissjóðs nema með breyttri stefnu í efnahagsmálum, en til þess þarf breytta stjórnarstefnu.

Höfuðatriðið í þeirri efnahagsmálastefnu, sem koma þarf til að leysa fjármál ríkissjóðs úr sjálfheldu, verður að vera það, að ríkisvaldið hafi forustu um þá atvinnuuppbyggingu í landi og þær verklegu framkvæmdir, sem duga til þess, að atvinnuleysi hverfi og afkoma atvinnuveganna verði slík, að lífskjör hér á landi verði hliðstæð því, sem gerist hjá þeim þjóðum, er við höfum einna mest samstarf við, eins og t. d. hjá Norðurlandþjóðunum. Þegar atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar væri komið á það stig, mundi enginn þurfa að kvíða því, að tekjur ríkissjóðs stæðu ekki vel undir útgjöldum hans, þó að verklegar framkvæmdir væru fjármagnaðar með samtímatekjum, svo sem þarf að vera í langflestum tilfellum. Hins vegar verður þjóðin að gera sér grein fyrir því, að meðan verið er að koma atvinnu- og viðskiptalífínu í eðlilegt horf, getur ríkissjóður þurft að taka á sig meiri útgjöld en hann hefur samtímatekjur til, vegna forustu um það verkefni, enda er stuðningur við atvinnuvegina og miklar opinberar framkvæmdir það eina, sem getur afsakað hallarekstur ríkissjóðs í bili, enda sé þá unnið markvisst að því að leysa þessi vandamál. Jafnhliða þessu þarf að endurskipuleggja ríkisbúskapinn sjálfan, fækka stofnunum, aðlaga ríkiskerfið að breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum verkefnum.

Við endurtökum, að breytt stefna í efnahagsmálum verður að koma til, ef ríkissjóður á að komast út úr þeirri fjárkreppu, sem hann er nú í.

Tillögugerð okkar að þessu sinni er miðuð við þá skoðun okkar, er hér hefur verið lýst. Auk þeirrar atvinnumálatillögu, er áður greinir, flytjum við aðra svipaðs eðlis um 100 millj. króna lánsfjárútleitu til húsnæðismála og 75 millj. króna fjárveitingu, til þess að bætur almannatrygginga geti haldið eitthvað í við aukna dýrtíð.

Við gerum ekki neina tillögu um tekjuhlið fjárlagafrv., enda liggja nauðsynlegar upplýsingar um þá hlið málsins enn ekki fyrir. Það bíður 3. umræðu.

Við viljum enn á ný undirstrika, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, stefnan, þar sem fjármagnið fær að ráða ferðinni, hefur sett fjárhag ríkissjóðs í sjálfheldu. Algra stefnubreytingu þarf, til þess að úr þeirri sjálfheldu verði komið.

Alþingi, 8. des. 1969.

Halldór E. Sigurðsson,
frsm.

Geir Gunnarsson.

Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.